

Camerarctica
c/o Ármann Helgason
Markarflöt 7
Garðabæ
armannhelgason@simnet.is
1. október 2018

Ágæta Menningar- og safnanefnd

Kammerhópurinn Camerartica heldur sína árlega tónleika undir yfirsíftinni "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju föstudaginn 21. desember. Þetta verður í 26. sinn sem tónleikarröðin er haldin en tónleikarnir hafa verið haldnir í ýmsum kirkjum undanfarin 25 ár, í Hafnarfjarðarkirkju, Kópavogskirkju og Dómkirkjunni í Reykjavík en Garðakirkja bættist við tónleikaröðina árið 2008 og tókst einstaklega vel til enda bæjarbúar ánægðir að fá þessa árlegu klassísku tónleika inn í tónleikaflóru Garðabæjar en kirkjan hefur verið þétt setin á þessum tónleikum undanfarin ár.

Meirihluti kammerhópsins Camerartica býr eða tengist Garðabæ þannig að það er Camerartica bæði ljúft og skylt að leika Mozart við kertaljós í Garðakirkju þessari sérlega vel hljómandi og fallegu kirkju sem nýtur sín einstaklega vel í kertaljósabirtunni.

Meðlimir Camerartica eru mjög virkir í tónlistarlífinu og leika ýmist með Sinfóníuhljómsveit Íslands eða með virtum kammerhópum. Meðlimir Camerartica eru Ármann Helgason, Hallfríður Ólafadóttir, Hildigunnur Halldórsdóttir, Bryndís Pálsdóttir, Guðrún Þórarinsdóttir, Svava Bernharðsdóttir og Sigurður Halldórsson. Við bjóðum stundum gestahljóðfæraleikarum eða söngvurum að koma fram með Camerartica á þessum tónleikum og oft hafa drengir úr Drengjakór Reykjavíkur sungið með í sálminum "Í dag er glatt í döprum hjörtum" úr Töfraflautunni eftir Mozart en þessi sálmur hljómar alltaf í lok tónleikana hjá okkur og hefur hringt inn jólinn hjá hjá mörgum í fjölda ára.

Camerartica leitar nú til Menninga- safnanefndar eftir styrk vegna tónleikanna Mozart við kertaljós sem haldnir verða nú í 26. sinn og verða þeir sérlega glæsilegir.

Kostnaður vegna tónleika í Garðakirkju, 21. des. 2018:

Auglýsingar og kynningastjórnun, veggspjöld, efnisskrár,
kirkjuleiga, kerti og uppsetning á stjóköm og ýmis annar kostnaður: 120.000.-

Laun til flytjenda: 240.000.-

Tekjur vegna tónleikanna:
Aðgangseyrir (áætlað) 100.000.-

Sótt er um styrk vegna "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju: kr. 260.000.-

Virðingarfyllst, fyrir hönd Camerartica,

